

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi</p>	<p>Bls. 1 af 1 Ábm. MDB Samþ. í háskólaráði 5. september 2013 Endursk. 11. sept. 2014 Málsnúmer: HÍ14090065</p>
--	---	---

Endurskoðaðar verklagsreglur, samþ. á fundi háskólaráðs 11. september 2014

1. Inngangur

Háskóli Íslands veitir árlega þremur starfsmönnum viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi, einum fyrir kennslu, öðrum fyrir rannsóknir og þriðja fyrir önnur störf í þágu Háskóla Íslands. Hefur þessi háttur verið hafður á frá árinu 1999, að undanskildum árunum 2008-2011 þegar hlé var gert á verðlaunaafhendingunni í sparnaðarskyni. Veiting viðurkenningarinnar er liður í gæðakerfi Háskóla Íslands. Upphaflegar verklagsreglur um fyrirkomulag viðurkenningarinnar voru fyrst samþykktar af háskólaráði árið 1999 og þeim breytt lítillega árið 2002. Fyrirliggjandi önnur endurskoðun verklagsreglnanna miðar að því að gera verklag þjálfa og fjölga tilnefningaraðilum til að gefa viðurkenningunni breiðari skírskotun.

2. Umsjón og tilnefningar

Skrifstofa rektors hefur umsjón með öflun tilnefninga og heldur utan um viðurkenningarferlið að öðru leyti. Staðið er að tilnefningum sem hér segir:

1. Viðurkenning fyrir kennslu. Viðurkenningin er veitt fyrir lofsverðan árangur eða sérstök nýmæli í kennslu og leiðbeiningu nemenda. Kallað er eftir tilnefningum frá nemendum Háskóla Íslands annars vegar og hins vegar með því að kennslumálanefnd háskólaráðs gerir tillögu um þrjá starfsmenn sem hún metur hæfa til að fá viðurkenningu.
2. Viðurkenning fyrir rannsóknir. Viðurkenningin er veitt fyrir lofsverðan árangur í rannsóknum, nýsköpun eða öðru vísindastarfi. Kallað er eftir tilnefningum frá starfsmönnum Háskóla Íslands annars vegar og hins vegar með því að vísindanefnd háskólaráðs gerir tillögu um þrjá starfsmenn er hún metur hæfa til að fá viðurkenningu.
3. Viðurkenning fyrir önnur störf í þágu Háskóla Íslands. Viðurkenningin er veitt fyrir lofsverðan árangur í starfi á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknunum. Kallað er eftir tilnefningum frá starfsmönnum Háskóla Íslands.

Tilnefningum er skilað til skrifstofu rektors og skal fylgja með þeim rökstuðningur (1/2 bls.) sem tekur mið af framangreindum forsendum sem liggja til grundvallar viðurkenningunum. Farið er með allar tilnefningar sem trúnaðarmál.

3. Valnefnd

Þriggja manna valnefnd fer yfir allar tilnefningar og rökstuðning með þeim og ákveður hverjir hljóta hina árlegu viðurkenningu. Valnefndin er skipuð aðstoðarrektror, sem er formaður, fyrrverandi fastráðnum kennara háskólans og fyrrverandi nemenda sem rektor skipar. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn.

4. Tilkynning

Niðurstaða valnefndar er tilkynnt við opinn viðburð og afhendir rektor handhöfum viðurkenninganna verðlaun við það tækifæri.

5. Verðlaun

Viðurkenningin er veitt í formi viðurkenningarskjals, ásamt greinargerð valnefndar og peninga-verðlaunum.